

Ed.

488. Frumvarp til laga

[212. mál]

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

2. gr.

Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur, og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsókna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu vikja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafli er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Ráðuneytið úrskurðar ennfremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miða við heildsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.

Ráðuneytið byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Ráðuneytið skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.

4. gr.

Ákvörðun ráðuneytis um upptöku afla skal tekin með skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því, að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólölega afla, sem það gerir upptækan, hjá kaupendum eða seljendum þess afla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.